

Framboð til stjórnar -Sigurður Valdimar Steinþórsson

Sæl öll,

Sigurður Steinþórsson heiti ég og er tæplega fertugur fjölskylduafaðir búsettur í Vogunum. Ég hef starfað hjá BM Vallá í sex ár og starfa núna sem lagerstjóri þar og uni hag mínum vel. Einnig er ég formaður starfsmannafélagsins þar.

Mig langar að bjóða mig fram í stjórn HRFÍ vegna þess að ég tel mig geta orðið félaginu til mikils gagns með áhuga mínum, drifkrafti og virðingu minni fyrir hundum og velferð þeirra. Ég hef alla



tíð verið mikill dýravínur og átt ófáa ferfætta vini í gegnum tíðina sem hafa auðgað mitt líf og fjölskyldu minnar. Árið 2020 bættist í fjölskylduna hjá okkur hreinræktaður boxer og höfum við mætt á og tekið þátt í öllum sýningum sem kostur hefur verið á. Nýverið sótti ég um ræktunarnafnið "Boxers of Iceland" og er mitt fyrsta got fætt. Í dag eigum við fimm hunda, þar af tvo sem eru á fóðursamning og tvo hvolpa. Ég flutti inn Boxer rakka frá Serbú í fyrra og er ný Boxer tík væntanleg til landsins á næstu vikum og bíðum við hennar með mikilli tilhlökkun og erum spennt að bæta við stofninn á tegundinni, sem fer ört stækkandi, enda yndisleg tegund.

Fyrir utan að hafa brennandi áhuga á hundum og hundarækt hef ég mikinn áhuga á ljósmyndun, videógerð og myndvinnslu sem ég tel einnig geta nýst félaginu til góða. Ég hef fengið mikla hvatningu til að sækja um þetta verkefni sem ég tel góð meðmæli með mér sem nefndarmanni. Ég hef sterkar skoðanir, er fylginn sjálfum mér, vinn vel með öðrum og hef góða reynslu af nefndarsetu.

Ég vona að ég fái tækifæri til að nýta krafta mína til góðs fyrir félagið